

Tillaga til þingsályktunar

um að kosningaaldur verði 16 ár.

Flm.: Hlynur Hallsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að kosningaaldur verði 16 ár í stað 18 ára.

Greinargerð.

Árið 1984 var almennur kosningaaldur á Íslandi lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Nú er tími til að auka enn þátttöku ungs fólks í lýðræðinu og færa kosningaaldur í 16 ár. Með þessu yrði ábyrgð ungs fólks aukin og því gert kleift að taka þátt í mótun samfélagsins eins og það á réttmæta kröfu á. 16 ára einstaklingur í íslensku samfélagi er orðinn virkur þátttakandi í þjóðfélaginu, hefur lokið grunnskóla og ætti að vera tilbúinn til að taka á sig á þá ábyrgð sem felst í því að kjósa sér fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórnir. Það ætti einnig að vera sjálfsagður réttur þessa unga fólks.

Í nágrannalöndum okkur er verið að kanna þessi mál og það væri óskandi að Íslendingar tækju frumkvæði í því að auka lýðræði og þátttöku ungs fólks í þjóðfélaginu. Þetta mál er í athugun í Bretlandi og hefur Græni flokkurinn í Englandi og Wales sett þessa kröfu í stefnuskrá sína og það sama hafa Frjálslyndir demókratar í Bretlandi og Þjóðarflokkurinn í Skotlandi gert. Í Finnlandi hefur Miðjuflokkurinn lagt til að tilraun verði gerð á einstökum svæðum í næstu sveitarstjórnarkosningum, sem verða 2008, þar sem 16 ára Finnar fengju að kjósa. Í Svíþjóð hefur Umhverfisflokkurinn haft það á stefnuskrá sinni að lækka kosningaaldur niður í 16 ár til þess að freista þess að auka þátttöku ungmenna í pólitískri umræðu. Í Noregi hefur Frjálslyndi flokkurinn sett þetta mál í stefnuskrá sína og það sama má segja um flokka á hollenska þinginu, í Kanada, Ástralíu og í Austurríki svo nokkur lönd séu nefnd.

Nú þegar hafa 16 ára ungmenni kosningarrétt í nokkrum löndum, eins og í Brasilíu, Níkaragúa og á Kúbu. Í Króatíu, Serbíu og Svartfjallalandi hafa ungmenni á vinnumarkaði sem eru orðin 16 ára einnig kosningarrétt.

Norski félagsfræðingurinn Stein Ringen hefur fjallað um þátttöku ungs fólks og barna í lýðræðinu (Citizens, Families and Reform, Clarendon Press, Oxford 1997). Torfi H. Tulinius prófessor við Háskóla Íslands hefur einnig fjallað um málið á áhugaverðan hátt.

Helstu rökin fyrir því að 16 ára einstaklingar hljóti kosningarrétt eru þau að það muni smám saman leiða til breyttra áherslna í landsmálunum þar sem kjörnir fulltrúar landsins mundu leitast við að verja hagsmuni stærri hluta þjóðarinnar. Kosningarréttur hefði þroskandi áhrif á ungt fólk og það yrði að ábyrgum þátttakendum í samfélaginu.

Rök gegn því að ungt fólk fái kosningarrétt eru til dæmis þau að börn og unglingar búi ekki yfir vitsmunabroska til að taka afstöðu í þjóðmálum eða sveitarstjórnarmálum, að þau láti tilfinningar ráða fremur en dómgreindina og séu líkleg til að verða fórnarlömb áróðursmeistara. Öll þessi rök lýsa vantrausti á ungt fólk og hafa reyndar einnig verið notuð á liðnum

tímum til að koma í veg fyrir að konur, eignalausir, undirokaðir kynþættir og jafnvel almenn-
ingur hljóti kosningarrétt!

Það er ekki seinna vænna en hefja nú þegar undirbúning að því að ungt fólk fái aukin
réttindi í þjóðfélaginu og eitt skrefið í þá átt er að kosningaaldur miðist við 16 ára aldur. Til-
lagan gerir því ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að hefja undirbúning að þeirri breytingu
að kosningaaldur verði færður úr 18 árum í 16. Að sjálfsögðu þarf að huga að ýmsu í því
sambandi, þar á meðal samspili sjálfstæðs kosningarréttar ungmenna við 16 ára aldur og
ákvæða laga um sjálfræði sem fyrir allmörgum árum var fært upp í 18 ár, en yrðu að auðvitað
víkjandi að þessu leyti.